

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/318
komudagur 21.11.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21.11.2013
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum (heimild til sameiningar), 165. mál


Að beiðni nefndasviðs Alþingis (efnahags- og viðskiptanefndar) hefur Landsvirkjun fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun með síðari breytingum, þingskjal 197, 165. mál, sem lagt hefur verið fram á 143. löggjafarþingi 2013 – 2014.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

“Heimilt er að sameina Þeistareykja ehf. og Landsvirkjun með þeim hætti að Landsvirkjun taki yfir allar eignir, skuldir, réttindi, skuldbindingar og rekstur Þeistareykja ehf. frá og með 1. júlí 2013, að um sameininguna/samrunann fari með sama hætti og þegar um er að ræða sameiningu/samruna einkahlutafélags við hlutafélag og að sömu laga og reglna og viðmiðana verði gætt við samrunann.”

Eins og fram kemur í niðurlagi almennra athugasemda með frumvarpinu hefur frumvarpið verið samið í samráði við Landsvirkjun. Leggur Landsvirkjun eindregið til að frumvarpið verði samþykkt.

Vakin er athygli á því að í sameignarfélagssamningi Landsvirkjunar er beinlínis gert ráð fyrir þeim möguleika að til sameiningar við önnur félög geti komið að fengnu samþykki Alþingis. Nauðsynlegt var því að afla samþykkis og heimildar Alþingis fyrir samrunanum sem Alþingi veitti með skýrum hætti með 4. gr. fjárukalaga nr. 122/2012 fyrir árið 2012, (nýr liður, 7.20 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2012). Með ákvörðun dagsettri þann 14. febrúar 2013 synjaði fyrirtækjaskrá hins vegar fyrirhuguðum samruna Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. með vísan til þess að samruninn ætti sér ekki næga lagastoð. Í ljósi þessarar niðurstöðu fyrirtækjaskrár er nauðsynlegt að afla skýrari viðbótarheimildar Alþingis með breytingu á lögum Landsvirkjunar nr. 42/1983 sem staðfestir enn frekar þá heimild sem Alþingi veitti með fjárukalögum nr. 122/2012. Er í frumvarpinu nú lagt til að heimildin verði veitt með bráðabirgðaákvæði í lögum Landsvirkjunar sem taki til þessa einstaka tilviks og því er ekki um almenna heimild að ræða enda þarf ávallt samkvæmt sameignarfélagssamningi Landsvirkjunar að afla samþykkis Alþingis fyrir hverjum og einum samruna félagsins við önnur félög. Þar sem nokkur tími er liðinn frá því upphaflega var gert ráð fyrir samrunanum og ákvæði einkahlutafélagalaga kveða á um tiltekið sex mánaða



tímamark í því efni er gert ráð fyrir því að samruninn miðist við 1. júlí 2013 í stað 1. september 2012 eins og upphaflega var áætlað. Með þeim hætti er farið að meginreglum einkahlutafélagalaga hvað samrunann varðar. Að öðru leyti tekur Landsvirkjun undir þær skýringar og þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2013 R2013110031
T-ums 19/13

Alþingi
Erindi nr. P 143/474
komudagur 2.12.2013

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum - 165. mál, þskj. 197.

Ríkisskattstjóri hefur þann 19. nóvember 2013 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að við lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun, verði bætt við ákvæði til bráðabirgða þar sem heimilað verði að sameina Þeistareyki ehf. og Landsvirkjun frá og með 1. júlí 2013. Þá kemur fram að um sameininguna/samrunann eigi að fara með sama hætti og þegar um er að ræða sameiningu/samruna einkahlutafélags við hlutafélag og að sömu laga og reglna og viðmiðana verði gætt við samrunann. Í athugasemdum kemur fram að þar sem fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra hafi synjað fyrirhuguðum samruna sem tilkynntur var þann 21. desember 2012 á grundvelli þess að samruninn ætti sér ekki næga lagastoð sé nauðsynlegt að afla skýrrar viðbótarheimildar frá Alþingi til samrunans.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að ákvæði 51. - 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, hefur að geyma ákvæði sem gilda um sameiningar og skiptingar féлага. Samkvæmt orðalagi þeirra afmarkast gildissviðið við hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög en ekki til þess að sameignarfyrirtæki sé sameinað einkahlutafélagi.

Til þess að ná betur fram markmiðum frumvarpsins leyfir ríkisskattstjóri sér því að leggja til að 1. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Heimilt er að sameina Þeistareyki ehf. og Landsvirkjun með þeim hætti að Landsvirkjun taki yfir allar eignir, skuldir, réttindi, skuldbindingar og rekstur Þeistareykja ehf. frá og með 1. júlí 2013.

Ákvæði XIV kafla laga um einkahlutafélög skulu gilda um sameininguna að því marki sem við á. Þrátt fyrir skilyrði 51. og 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal ákvæðið gilda um sameiningu Þeistareykja ehf. og Landsvirkjunar þannig að samruninn hafi ekki í för með sér skattskyldu, hvorki fyrir Þeistareyki ehf., né Landsvirkjun. .“

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún J. Jónsdóttir



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,
vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings-
og dreifingaraðilar raforku

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/412
komudagur 27.11.2013

27. nóvember 2013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983, með síðari breytingum (heimild til sameiningar), 165. mál.

Skv. frumvarpinu verður bætt við lögina ákvæði þess efnis að heimilt sé að sameina Þeistareykja ehf. og Landsvirkjun með þeim hætti að Landsvirkjun taki yfir allar eignir, skuldir, réttindi, skuldbindingar og rekstur Þeistareykja ehf. frá og með 1. júlí 2013, að um sameininguna/samrunann fari með sama hætti og þegar um er að ræða sameiningu/samruna einkahlutafélags við hlutafélag og að sömu laga og reglna og viðmiða verði gætt við samrunann.

Frumvarpið snýr að einu fyrirtæki, sem er aðili að Samorku en starfar á samkeppnismarkaði. Að mati Samorku er því almennt séð tæplega við hæfi að samtökin setji fram sterk sjónarmið í slíku máli, en samtökin gera ekki athugasemd við tillögu fulltrúa eigenda félagsins í þessu frumvarpi.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri